

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/2224

2021/EES/5/11

frá 23. desember 2020

um sameiginlegar reglur til að tryggja grunntengjanleika í vöruflutningum og farþegaflutningum eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (1),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samningurinn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (2) („útgöngusamningurinn“) var gerður af Sambandinu með ákvörðun ráðsins (ESB) 2020/135 (3) og öðlaðist gildi 1. febrúar 2020. Aðlögunartímabilinu, sem um getur í 126. gr. útgöngusamningsins, lýkur 31. desember 2020 en á því tímabili gilda lög Sambandsins áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi (Bretlandi) í samræmi við 127. gr. útgöngusamningsins. Hinn 25. febrúar 2020 samþykkti ráðið ákvörðun (ESB, KBE) 2020/266 (4) um heimild til að hefja samningaviðræður við Bretland um nýjan samstarfssamning. Eins og gefið er til kynna í tilskipunum um samningaviðræður nær heimildin m.a. yfir þætti sem eru nauðsynlegir fyrir heildstæða meðferð á tengslunum við Bretland á sviði flutninga á vegum eftir að aðlögunartímabilinu er lokið. Hins vegar er óvíst hvort að samningur milli Sambandsins og Bretlands um framtíðartengsl þeirra á sviði vöruflutninga og farþegaflutninga á vegum muni hafa öðlast gildi fyrir lok þessa tímabils.
- 2) Lok aðlögunartímabilsins mun, að því er varðar samskipti Bretlands við Sambandið og aðildarríki þess og ef ekki er um að ræða nein sérákvæði, fela í sér niðurfellingu allra réttinda og skyldna sem leiða af lögum Sambandsins að því er varðar markaðsaðgang, eins og ákvarðað er með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 (5) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 (6).
- 3) Í slíku tilviki myndu vöruflutningar og farþegaflutningar milli landa á vegum milli Sambandsins og Bretlands verða fyrir verulegri röskun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 437, 28.12.2020, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2020 frá 30. desember 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. desember 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. desember 2020.

(2) Stjtið. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 7.

(3) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2020/135 frá 30. janúar 2020 um gerð samningsins um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu (Stjtið. ESB L 29, 31.1.2020, bls. 1).

(4) Ákvörðun (ESB, KBE) 2020/266 frá 25. febrúar 2020 um heimild til að hefja samningaviðræður við Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland um nýjan samstarfssamning (Stjtið. ESB L 58, 27.2.2020, bls. 53).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farnflutninga á vegum milli landa (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir flutninga með hópbifreiðum milli landa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 561/2006 (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 88).

- 4) Gíbraltar fellur ekki undir gildissvæði þessarar reglugerðar og hvers kyns vísun í Bretland í þessari reglugerð tekur ekki til Gíbraltar.
- 5) Marghliða kvótakerfi Sambands samgönguráðherra í Evrópu (ECMT-kerfið) er eini tiltæki lagaramminn sem gæti legið til grundvallar vöruflutningum á vegum milli Sambandsins og Bretlands. Sökum takmarkaðs fjölda leyfa, sem í boði eru samkvæmt ECMT-kerfinu og takmarkaðs gildissviðs þess að því er varðar þær tegundir flutningastarfsemi á vegum sem falla þar undir, er kerfið, sem stendur, þó ekki fært um að uppfylla að fullu þörfina fyrir vöruflutninga á vegum milli Sambandsins og Bretlands.
- 6) Einnig er búist við alvarlegri röskun, m.a. með tilliti til allsherjarreglu, í tengslum við farþegaflutninga á vegum. Samningurinn um alþjóðlega óreglubundna farþegaflutninga með hópþingreið (7) („Interbus-samningurinn“) er eini tiltæki lagaramminn sem gæti legið til grundvallar farþegaflutningum með hópþingreið milli Sambandsins og Bretlands eftir lok aðlögunartímabilsins. Bretland verður sjálfstæður samningsaðili að Interbus-samningnum frá og með 1. janúar 2021. Hins vegar tekur Interbus-samningurinn aðeins til óreglubundinna flutninga og er því ófullnægjandi til að taka á þeim röskunum á alþjóðlegum flutningum með hópþingreiðum sem lok aðlögunartímabilsins hefur í för með sér. Samningsaðilar sömdu um bókun við Interbus-samninginn að því er varðar alþjóðlega reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga með hópþingreiðum og þess er vænst að Bretland fullgildi hana eins fljótt og auðið er. Þess er þó ekki vænst að bókunin muni öðlast gildi í tæka tíð til að teljast framkvæmanleg staðgöngulausn fyrir tímabilið strax eftir lok aðlögunartímabilsins. Fyrirliggjandi gerningar taka því ekki á þörfinni fyrir reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga með hópþingreiðum milli Sambandsins og Bretlands.
- 7) Til að koma í veg fyrir alvarlega röskun sem af þessu leiðir, m.a. í tengslum við allsherjarreglu, er því nauðsynlegt að grípa til tímabundinna ráðstafana sem gera farmflytjendum á vegum og hópþingreiðafyrirtækjum, með leyfi frá Bretlandi, kleift að flytja vörur og farþega á vegum milli Bretlands og Sambandsins eða frá yfirráðasvæði Bretlands til yfirráðasvæðis Bretlands með viðkomu í einu aðildarríki eða fleirum. Til að tryggja viðeigandi jafnvægi milli Bretlands og Sambandsins ættu réttindin, sem veitt eru í þessu samhengi, að vera bundin því skilyrði að veitt séu jafngild réttindi og að þau séu háð tilteknum skilyrðum sem tryggja sanngjarna samkeppni.
- 8) Réttindin til að stunda flutningastarfsemi innan yfirráðasvæðis aðildarríkis og milli aðildarríkja er eitt af grundvallarafrekum innri markaðarins og eftir lok aðlögunartímabilsins og ef ekki eru nein sérákvæði til staðar sem kveða á um annað ættu þau ekki að standa farmflytjendum á vegum frá Bretlandi lengur til boða. Strax í kjölfar aðlögunartímabilsins og án framtíðarsamnings um vöruflutninga á vegum milli Sambandsins og Bretlands má þó búast við röskun á umferðarflæði og ógnun við allsherjarreglu, einkum við landamærastöðvar sem eru fáar og þar sem viðbótareftirlit með ökutækjum og farmi þeirra skal fara fram. Umferðarteppur hafa þegar aukist við landamærastöðvar að Bretlandi fyrir lok aðlögunartímabilsins. Hættuástandið í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn hefur einnig haft neikvæð áhrif á flutninga á vegum þar sem flutningar með engan farm hafa aukist, sem er þróun sem getur versnað enn frekar ef ekki er neitt svigrúm til staðar sem gerir farmflytjendum á vegum frá Bretlandi kleift að stunda, jafnvel að mjög takmörkuðu leyti, flutninga innan Sambandsins sem lúta ströngum tímatakmörkunum. Slík röskun gæti leitt til aðstæðna sem hafa neikvæð áhrif á mikilvægar aðfangakeðjur, sem taldar eru nauðsynlegar til að takast á við COVID-19-heimsfaraldurinn sem nú herjar á. Til að draga úr slíkum röskunum ætti að veita farmflytjendum á vegum frá Bretlandi tímabundið leyfi til að framkvæma takmarkaðan fjölda viðbótarflutninga innan yfirráðasvæðis Sambandsins í tengslum við flutninga milli Bretlands og Sambandsins. Ökutæki þeirra þyrftu þá ekki að snúa strax aftur til Bretlands og því minni líkur á að ökutækin væru tóm þegar þau snúa aftur til Bretlands, sem myndi draga úr heildarfjölda ökutækja og þar af leiðandi álagi við landamærastöðvarnar. Réttindi til að framkvæma slíka viðbótarflutninga ættu að vera höfleg, ættu ekki að veita sömu réttindi og þau sem farmflytjendur á vegum frá Sambandinu njóta samkvæmt reglum innri markaðarins og ættu að falla úr gildi í áföngum.

(7) Stjtfð. ESB L 321, 26.11.2002, bls. 13.

- 9) Flutningar með hópþifreiðum yfir landamærin milli Írlands og Norður-Írlands eru afar mikilvægir fyrir fólkið sem býr á landamærasvæðunum í því skyni að tryggja grunntengjanleika milli samfélaga, m.a. innan sameiginlega ferðasvæðisins. Því ætti áfram að leyfa hópþifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi að sækja og skila farþegum á landamærasvæðum Írlands í tengslum við alþjóðlega farþegaflutninga fyrir farþega milli Írlands og Norður-Írlands.
- 10) Til að endurspeglja tímabundinn þátt þeirra, þó án þess að skapa fordæmi, ættu þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð að gilda í stuttan tíma. Að því er varðar farmflutninga á vegum er þessu stutta tímabili ætlað að tryggja að hægt sé að gera ráðstafanir til að tryggja grunntengjanleika innan ECMT-kerfisins og án þess að það hafi áhrif á gildistöku framtíðarsamnings um vöruflutninga á vegum milli Sambandsins og Bretlands og á síðari reglur Sambandsins um flutninga. Hvað varðar farþegaflutninga með hópþifreiðum þá er þessu stutta tímabili ætlað að tryggja að bókunin við Interbus-samninginn um alþjóðlega reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga með hópþifreiðum geti öðlast gildi og að hún gildi að því er varðar Bretland, annaðhvort með því að Bretland fullgildi bókunina eða gerist aðili að henni, án þess að það hafi áhrif á mögulegan framtíðarsamning milli Sambandsins og Bretlands um málið.
- 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um bráðabirgðaráðstafanir sem gilda um vöruflutninga á vegum og farþegaflutninga milli Sambandsins og Bretlands ef enginn samningur er fyrir hendi við lok aðlögunartímabilsins um framtíðartengsl þeirra á sviði flutninga á vegum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (SESB). Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 12) Í ljósi þess hversu lok aðlögunartímabilsins er brýnt málefni er talið viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum, sem um getur í 4. gr. bókunar I um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið (SESB), sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 13) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi sem fyrst og ætti að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir lok aðlögunartímabilsins sem komið er á með útgöngusamningnum nema samningur um flutninga á vegum, sem gerður er við Bretland, hafi öðlast gildi fyrir þann dag eða, eftir því sem við á, gildir til bráðabirgða fyrir þann dag. Reglugerð þessi ætti að gilda þar til daginn fyrir gildistöku eða daginn fyrir bráðabirgðabeitingu alþjóðasamnings um flutninga á vegum fyrir báða samningsaðila. Að undanskildum þeim sérstöku ákvæðum sem gilda á landamærasvæði Írlands um alþjóðlega reglubundna flutninga og sérstaka reglubundna flutninga milli Írlands og Norður-Írlands ætti rétturinn til að reka reglubundna flutninga og sérstaka reglubundna flutninga með hópþifreiðum að falla úr gildi á þeim degi sem bókunin við Interbus-samninginn um alþjóðlega reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga með hópþifreiðum öðlast gildi í Sambandinu og í Bretlandi. Reglugerð þessi ætti í öllum tilvikum að falla úr gildi frá og með 30. júní 2021.
- 14) Ef það er nauðsynlegt, til að koma til móts við þarfir markaðarins, ætti að veita framkvæmdastjórninni valdheimildir til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að endurheimta jafngildi milli þeirra réttinda sem Sambandið hefur veitt farmflytjendum á vegum sem og hópþifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi og þeirra réttinda sem Bretland hefur veitt farmflytjendum á vegum frá Sambandinu og hópþifreiðafyrirtækjum frá Sambandinu, þ.m.t. þegar þau réttindi sem Bretland veitir eru veitt á grundvelli upprunaaðildarríkisins eða réttindin eru ekki jafn aðgengileg öllum rekstraraðilum í Sambandinu, sem og til að ráða bót á tilvikum um ósanngjarna samkeppni sem skaðar farmflytjendur á vegum frá Sambandinu.

- 15) Þessar framseldu gerðir ættu að vera í samræmi við meðalhófsregluna og skilmálar þeirra ættu því að vera í samræmi við vandamálin sem upp koma vegna skorts á jafngildum réttindum eða vegna ósanngjarnra samkeppnisskilyrða. Framkvæmdastjórnin ætti einungis að fresta tímabundið beitingu þessarar reglugerðar í alvarlegustu tilvikunum, þegar Bretland veitir farmflytjendum á vegum frá Sambandinu eða hópþreifreiðafyrirtækjum frá Sambandinu ekki jafngild réttindi eða þegar þau réttindi sem eru veitt eru lágmarksréttindi eða þegar samkeppnisskilyrðin fyrir farmflytjendur á vegum frá Bretlandi eða hópþreifreiðafyrirtæki frá Bretlandi eru það ólík skilyrðunum fyrir rekstraraðila frá Sambandinu að það er ekki fjárhagslega hagkvæmt fyrir rekstraraðila frá Sambandinu að veita viðkomandi þjónustu.
- 16) Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir þessar framseldu gerðir er einkum mikilvægt að hún hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽⁸⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að slíkar samþykktar framseldar gerðir hafi ekki óútlíðileg áhrif á eðlilega starfsemi innri markaðarins.
- 17) Til að tryggja að réttindi, sem Bretland veitir farmflytjendum á vegum frá Sambandinu og hópþreifreiðafyrirtækjum frá Sambandinu, sem eru jafngild þeim sem veitt eru farmflytjendum á vegum frá Bretlandi og hópþreifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi samkvæmt þessari reglugerð, séu jafn aðgengileg öllum rekstraraðilum frá Sambandinu ætti tímabundið að rýmka gildissvið reglugerða (EB) nr. 1072/2009 og (EB) nr. 1073/2009. Þessar reglugerðir taka þegar til þess hluta ferðar milli aðildarríkis og þriðja ríkis sem farinn er í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkisins. Hins vegar er nauðsynlegt að tryggja að í slíkum tilvikum gildi reglugerð (EB) nr. 1072/2009 einnig um þann hluta ferðarinnar sem farinn er í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem fering eða afferming fer fram og að reglugerð (EB) nr. 1073/2009 gildi um þann hluta ferðarinnar sem farinn er í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað. Markmiðið með slíkri rýmkun er að tryggja að rekstraraðilar frá Sambandinu geti framkvæmt millilandaflutninga utan skráningarríkis til eða frá Bretlandi sem og haft viðbótarbiðstöðvar fyrir farþegaflutninga sína.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tímabundnar ráðstafanir sem gilda um vöruflutninga á vegum, sem og ákvæði um reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga með hópþreifreið milli Sambandsins og Bretlands eftir lok aðlögunartímabilsins sem um getur í 126. gr. útgöngusamningsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

⁽⁸⁾ Stjttíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

- 1) „ökutæki“:
 - a) að því er varðar vöruflutninga, vélknúð ökutæki, skráð í Bretlandi, eða samtengt ökutæki þar sem a.m.k. vélknúna ökutækið er skráð í Bretlandi og eingöngu notað til vöruflutninga, sem er annaðhvort í eigu fyrirtækisins eða sem það hefur keypt með afborgunum eða tekið á leigu, að því tilskildu að skilyrðin, sem sett eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/1/EB ⁽⁹⁾, hafi verið uppfyllt í síðarnefnda tilvikinu,
 - b) að því er varðar farþegaflutninga, hópbifreið,
- 2) „heimilaðir vöruflutningar“:
 - a) ferð með farm frá yfirráðasvæði Sambandsins til yfirráðasvæðis Bretlands, eða öfugt, hvort sem farið er í gegnum eitt eða fleiri aðildarríki eða þriðju lönd,
 - b) í kjölfar ferðar með farm frá yfirráðasvæði Bretlands til yfirráðasvæðis Sambandsins, eins og um getur í a-lið þessa liðar, starfræksla, innan sjö daga frá affermingu innan yfirráðasvæðis Sambandsins, að hámarki tveggja ferða til viðbótar þar sem ferming og afferming fer fram á yfirráðasvæði Sambandsins í tvo mánuði frá og með fyrsta degi sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 12. gr., og einnar ferðar innan sjö daga frá affermingu innan yfirráðasvæðis Sambandsins á næstu þremur mánuðum,
 - c) ferð með farm frá yfirráðasvæði Bretlands til yfirráðasvæðis Bretlands þar sem farið er í gegnum yfirráðasvæði Sambandsins,
 - d) ferð án farms í tengslum við þann flutning sem um getur í a- og c-lið,
- 3) „heimilaðir farþegaflutningar með hópbifreið“:
 - a) ferð með hópbifreið til að flytja farþega frá yfirráðasvæði Sambandsins til yfirráðasvæðis Bretlands, eða öfugt, hvort sem farið er í gegnum eitt eða fleiri aðildarríki eða þriðju lönd,
 - b) ferð með hópbifreið til að flytja farþega frá yfirráðasvæði Bretlands til yfirráðasvæðis Bretlands þar sem farið er í gegnum yfirráðasvæði Sambandsins,
 - c) ferð án farþega í tengslum við þann flutning sem um getur í a- og b-lið,
 - d) farþegar sóttir eða þeim skilað á landamærasvæði Írlands í tengslum við alþjóðlega reglubundna flutninga og sérstaka reglubundna flutninga milli Írlands og Norður-Írlands,
- 4) „landamærasvæði Írlands“: sýslur Írlands sem liggja að landamærunum milli Írlands og Norður-Írlands,
- 5) „farmflytjandi á vegum frá Sambandinu“ (e. *Union road haulage operator*): fyrirtæki sem stundar vöruflutninga á vegum og er með gilt Bandalagsleyfi í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009,
- 6) „farmflytjandi á vegum frá Bretlandi“ (e. *United Kingdom road haulage operator*): fyrirtæki stofnað í Bretlandi sem hefur heimild til að stunda vöruflutninga á vegum og er með gilt leyfi sem er gefið út í tengslum við millilandaflutninga vegna heimilaðra vöruflutninga,
- 7) „leyfi frá Bretlandi“ (e. *United Kingdom licence*): þegar það er gefið út til handa farmflytjanda á vegum frá Bretlandi, leyfi sem Bretland gefur út í tengslum við millilandaflutninga vegna heimilaðra vöruflutninga og, þegar það er gefið út til handa hópbifreiðafyrirtækis frá Bretlandi, leyfi sem Bretland gefur út í tengslum við millilandaflutninga vegna heimilaðra farþegaflutninga með hópbifreið,
- 8) „hópbifreið“: ökutæki sem er skráð í Bretlandi sem, að því er varðar smíði og búnað, er til þess gert að flytja fleiri en níu farþega, að öikumanni meðtöldum,
- 9) „reglubundnir flutningar“: flutningar á farþegum milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum,

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/1/EB frá 18. janúar 2006 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 82).

- 10) „sérstakir reglubundnir flutningar“: reglubundnir flutningar, óháð því hver skipuleggur þá, þar sem séð er fyrir flutningi á tilteknum hópum farþega, en aðrir farþegar eru útilokaðir,
- 11) „hópbifreiðafyrirtæki frá Sambandinu“ (e. *Union coach and bus service operator*): fyrirtæki sem stundar farþegaflutninga með hópbifreið og er með gilt Bandalagsleyfi í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009,
- 12) „hópbifreiðafyrirtæki frá Bretlandi“ (e. *United Kingdom coach and bus service operator*): fyrirtæki stofnað í Bretlandi sem hefur heimild til að stunda farþegaflutninga með hópbifreið og er með gilt leyfi í tengslum við millilandaflutninga vegna heimilaðra farþegaflutninga með hópbifreið,
- 13) „rekstraraðili“: annaðhvort farmflytjandi á vegum eða hópbifreiðafyrirtæki,
- 14) „samkeppnislög“: lög sem taka á eftirfarandi háttsemi, í því tilviki þegar þau gætu haft áhrif á vöruflutningaþjónustu á vegum eða flutninga með hópbifreið:
- háttsemi sem felur í sér:
 - gerð samninga milli farmflytjenda á vegum eða hópbifreiðafyrirtækja, eftir því sem við á, ákvarðanir samtaka farmflytjenda á vegum eða hópbifreiðafyrirtækja og samstilltar aðgerðir, sem miða að því eða verða þess valdandi að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni,
 - misnotkun eins eða fleiri farmflytjenda á vegum eða hópbifreiðafyrirtækja á markaðsráðandi stöðu,
 - ráðstafanir, sem Bretland grípur til eða viðheldur, að því er varðar opinber fyrirtæki og fyrirtæki sem Bretland veitir sérréttindi eða einkaréttindi sem stríða gegn ákvæðum i. eða ii. liðar,
 - samrunar farmflytjenda á vegum eða hópbifreiðafyrirtækja, eftir því sem við á, sem hafa í för með sér verulega röskun á virkri samkeppni, einkum þegar yfirburðastaða myndast eða styrkist,
- 15) „styrkur“: hvers konar fjárframlag sem rekstraraðili fær frá ríkisstjórninni eða einhverjum öðrum opinberum aðila, á hvaða stjórnsýslustigi sem er, sem er til hagsbóta fyrir móttakanda og felur í sér:
- beina millifærslu fjármuna, s.s. á formi styrkveitinga, lánveitinga eða eiginfjárukningar, eða mögulega beina millifærslu fjármuna, og yfirtöku á skuldbindingum, s.s. á formi lánatrygginga, fjármagnsinnspýtinga, eignarhalds, varnar gegn gjaldþroti eða trygginga,
 - gjaldfallnar tekjur sem eru gefnar eftir eða ekki innheimtar,
 - veitingu vara eða þjónustu, að undanskildum almennum innviðum, eða kaup á vörum eða þjónustu,
 - framkvæmd greiðslna í fjármögnunarkerfi eða að ríkisstjórnin eða annar opinber aðili feli einkaaðila framkvæmd eins eða fleiri verkefna sem um getur í a-, b- og c-lið og venjulega hvíla á ríkisstjórninni eða öðrum opinberum aðila og sem í reynd eru í engu frábrugðin hefðbundnum verkefnum ríkisstjórna;
- fjárframlag frá ríkisstjórn eða öðrum opinberum aðila telst ekki vera til hagsbóta ef aðili á einkamarkaði, sem stjórnast eingöngu af arðsemissjónarmiðum og er í sömu stöðu og hlutaðeigandi opinber aðili, myndi hafa veitt sambærilegt fjárframlag,
- 16) „óháð samkeppnisyfirvald“: yfirvald sem er í forsvari fyrir beitingu og framfylgd samkeppnislaga og hefur þar að auki eftirlit með styrkjum og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
- yfirvaldið hefur rekstrarlegt sjálfstæði og hefur yfir að ráða nægilegum úrræðum sem eru nauðsynleg til að það geti innt af hendi verkefni sín,
 - við framkvæmd skyldna sinna og beitingu valdheimilda sinna er yfirvaldinu tryggt nauðsynlegt óhæði frá stjórn málagæm áhrifum eða öðrum utanaðkomandi áhrifum og starfar það af óhlutrægni,
 - ákvarðanir yfirvaldsins eru háðar endurskoðunarvaldi dómstóla,
- 17) „mismunun“: hvers konar aðgreining, án hlutlægs rökstuðnings að því er varðar afhendingu vöru eða þjónustu, þ.m.t. opinber þjónusta, sem notuð er til að starfrækja vöruflutningaþjónustu á vegum eða flutninga með hópbifreið eða að því er varðar meðferð opinberra yfirvalda þar á með tilliti til slíkrar þjónustu,

- 18) „yfirráðasvæði Sambandsins“: yfirráðasvæði aðildarríkjanna þar sem sáttmálinn um Evrópusambandið og sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins gilda, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum sáttmálum.

3. gr.

Réttindi til að framkvæma heimilaða vöruflutninga

1. Farmflytjendur á vegum frá Bretlandi mega, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, framkvæma heimilaða vöruflutninga.
2. Einstaklingar eða lögaðilar með staðfestu í Bretlandi mega framkvæma eftirfarandi tegundir af heimiluðum vöruflutningi, án þess að krafist sé leyfis frá Bretlandi:
 - a) pósthlutninga sem eiga sér stað innan ramma alþjónustu,
 - b) flutninga á ökutækjum sem hafa orðið fyrir tjóni eða bilað,
 - c) vöruflutninga með vélknúnum ökutækjum þar sem leyfileg þyngd, þ.m.t. þyngd eftirvagna, fer ekki yfir 3,5 tonn,
 - d) flutninga á lyfjum, læknisfræðilegum búnaði og tækjum og öðrum vörum sem eru nauðsynlegar til neyðaraðstoðar, einkum vegna náttúruhamfara,
 - e) vöruflutninga, að því tilskildu:
 - i. að vörurnar, sem eru fluttar, séu eign fyrirtækisins eða fyrirtækið hafi selt, keypt, leigt út eða leigt vörurnar, framleitt þær, unnið úr þeim, meðhöndlað þær eða annast viðgerðir á þeim,
 - ii. að tilgangur ferðarinnar sé að flytja vörur til eða frá fyrirtæki eða flytja þær annaðhvort innan fyrirtækisins eða utan þess til eigin nota,
 - iii. að starfsmenn, sem eru ráðnir til fyrirtækisins eða eru því til reiðu, samkvæmt sammingsbundinni skyldu, aki vélknúnu ökutækjunum sem eru notuð við slíka flutninga,
 - iv. að ökutækin, sem flytja vörurnar, séu í eigu fyrirtækisins eða það hefur keypt þau með afborgunum eða tekið þau á leigu, að því tilskildu að skilyrði tilskipunar 2006/1/EB hafi verið uppfyllt í síðarnefnda tilvikinu og
 - v. að flutningurinn sé einungis viðbótarstarfsemi við heildarstarfsemi fyrirtækisins.

4. gr.

Réttindi til að framkvæma reglubundna flutninga og sérstaka reglubundna flutninga með hópþjónu

1. Hópþjónufyrirtæki frá Bretlandi mega, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, framkvæma heimilaða farþegaflutninga með hópþjónu í tengslum við reglubundna flutninga og sérstaka reglubundna flutninga.
2. Hópþjónufyrirtæki frá Bretlandi skulu hafa undir höndum leyfi, sem gefið er út fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 6.-11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009, til að framkvæma heimilaða reglubundna flutninga og sérstaka reglubundna flutninga með hópþjónu gegn gjaldi.
3. Þau leyfi sem eru áfram gild skv. 2. mgr. þessarar greinar má áfram nota í þeim tilgangi sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar ef þau hafa verið endurnýjuð samkvæmt sömu skilmálum og skilyrðum eða þeim breytt einungis með tilliti til biðstöðva, fargjalda eða áætlunar og með fyrirvara um reglurnar og málsmeðferðarreglurnar í 6.-11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009 í gildistíma sem er að hámarki til 30. júní 2021.

4. Einstaklingar eða lögaðilar með staðfestu í Bretlandi mega framkvæma heimilaða farþegaflutninga með hópþifreið, sem er ekki í ábata- eða hagnaðarskyni, án þess að krafist sé leyfis, ef:

- a) flutningarnir eru aðeins aukastarfsemi fyrir þann einstakling eða lögaðila og
- b) ökutækin, sem notuð eru, eru í eigu viðkomandi einstaklings eða lögaðila eða hafi verið keypt með afborgunum eða tekin á leigu samkvæmt langtímaleigusamningi og starfsmaður viðkomandi einstaklings eða lögaðila, eða viðkomandi einstaklingur sjálfur eða starfsmenn sem eru ráðnir til fyrirtækisins eða eru því til reiðu, samkvæmt samningsbundinni skyldu, aki þeim.

Þessi flutningastarfsemi skal undanþegin hvers kyns leyfisveitingakerfi innan Sambandsins, að því tilskildu að sá einstaklingur sem annast flutningana hafi undir höndum landsbundið leyfi, sem gefið er út fyrir fyrsta daginn sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1073/2009.

5. Það hefur ekki áhrif á beitingu þessarar reglugerðar þótt hlé sé gert á flutningnum og hluti leiðarinnar sé farinn með annars konar flutningatæki eða skipt sé um ökutæki.

5. gr.

Tvíhliða samningar eða samkomulög

Aðildarríkin skulu hvorki semja við né gera tvíhliða samninga eða samkomulög við Bretland um málefni sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Með fyrirvara um fyrirliggjandi marghliða samkomulög skulu þau ekki veita farmflytjendum á vegum frá Bretlandi eða hópþifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi önnur réttindi en þau sem veitt eru samkvæmt þessari reglugerð.

6. gr.

Félagslegar reglur og tæknireglur

Við heimilaða vöruflutninga eða farþegaflutninga með hópþifreið, í samræmi við þessa reglugerð, skal farið að eftirfarandi reglum:

- a) að því er varðar farstarfsmenn og sjálfstætt starfandi öikumenn, kröfurnar sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB ⁽¹⁰⁾,
- b) að því er varðar tiltekna félagsmálalöggjöf í tengslum við flutninga á vegum, kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ⁽¹¹⁾,
- c) að því er varðar ökurita fyrir flutninga á vegum, kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 ⁽¹²⁾,
- d) að því er varðar grunnþjálfun og reglubundna þjálfun öikumanna, kröfurnar sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB ⁽¹³⁾,

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum (Stjttð. EB L 80, 23.3.2002, bls. 35).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjttð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjttð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun öikumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE (Stjttð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4).

- e) að því er varðar leyfileg hámarksból og -þyngd tiltekinna ökutækja, kröfurnar sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við tilskipun ráðsins 96/53/EB ⁽¹⁴⁾,
- f) að því er varðar uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja, kröfurnar sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við tilskipun ráðsins 92/6/EBE ⁽¹⁵⁾,
- g) að því er varðar skyldubundna notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum, kröfurnar sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við tilskipun ráðsins 91/671/EBE ⁽¹⁶⁾,
- h) að því er varðar útsendingu starfsmanna, kröfurnar sem aðildarríkin mæla fyrir um í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB ⁽¹⁷⁾,
- i) að því er varðar réttindi farþega, kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 ⁽¹⁸⁾.

7. gr.

Jafngildi réttinda

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með þeim réttindum sem Bretland veitir farmflytjendum á vegum frá Sambandinu og hópþreifreiðafyrirtækjum frá Sambandinu og skilyrðunum fyrir nýtingu þeirra.
2. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að réttindin, sem Bretland veitir farmflytjendum á vegum frá Sambandinu eða hópþreifreiðafyrirtækjum frá Sambandinu, eru ekki, að lögum eða í reynd, jafngild þeim réttindum sem farmflytjendum á vegum frá Bretlandi eða hópþreifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi er veitt samkvæmt þessari reglugerð, eða að þessi réttindi séu ekki jafn aðgengileg öllum farmflytjendum á vegum frá Sambandinu eða öllum hópþreifreiðafyrirtækjum frá Sambandinu, skal framkvæmdastjórnin tafarlaust og í því skyni að endurheimta jafngildi réttinda, samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 11. gr. til að:
 - a) fresta tímabundið beitingu 3. gr. eða 1.-4. mgr. 4. gr. ef rekstraraðilar í Sambandinu fá ekki jafngild réttindi eða ef réttindin sem þeim eru veitt eru lágmarksréttindi,
 - b) setja takmarkanir á leyfilega flutningsgetu, sem er tiltæk farmflytjendum á vegum frá Bretlandi eða hópþreifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi, eða á fjölda ferða eða hvoru tveggja,
 - c) samþykkja rekstrartakmarkanir í tengslum við tegundir ökutækja eða umferðarskilyrði.

8. gr.

Sanngjörn samkeppni

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta samkvæmt hvaða skilyrðum rekstraraðilar frá Sambandinu keppa við rekstraraðila frá Bretlandi að því er varðar veitingu vöruflutningaþjónustu á vegum og flutninga með hópþreifreið, sem falla undir þessa reglugerð.

⁽¹⁴⁾ Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkjanna og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjttíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan Bandalagsins (Stjttíð. EB L 57, 2.3.1992, bls. 27).

⁽¹⁶⁾ Tilskipun ráðsins 91/671/EBE frá 16. desember 1991 varðandi skyldubundna notkun öryggisbelta og aðhaldsbúnaðar fyrir börn í ökutækjum (Stjttíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 26).

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjttíð. EB L 18, 21.1.1997, bls. 1).

⁽¹⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 frá 16. febrúar 2011 um réttindi farþega í hópþreifreiðum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 (Stjttíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 1).

2. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að einhverjar þær aðstæður sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar geri það að verkum að skilyrðin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, séu töluvert óhagstæðari en þau sem rekstraraðilar frá Bretlandi njóta skal framkvæmdastjórnin tafarlaust og í því skyni að ráða bót á þessum aðstæðum, samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 11. gr. til að:

- a) fresta tímabundið beitingu 3. gr. eða 1.-4. mgr. 4. gr. ef samkeppnisskilyrðin fyrir farmflytjendur á vegum frá Bretlandi eða hópbifreiðafyrirtæki frá Bretlandi eru það ólík skilyrðunum fyrir rekstraraðila frá Sambandinu að það er ekki fjárhagslega hagkvæmt fyrir þann síðarnefnda að veita viðkomandi þjónustu,
- b) setja takmarkanir á leyfilega flutningsgetu, sem er tiltæk farmflytjendum á vegum frá Bretlandi eða hópbifreiðafyrirtækjum frá Bretlandi, eða á fjölda ferða eða hvoru tveggja eða
- c) samþykkja rekstrartakmarkanir í tengslum við tegundir ökutækja eða umferðarskilyrði.

3. Framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr., skulu, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í þeirri málsgrein, samþykktar til að ráða bót á eftirfarandi aðstæðum:

- a) Bretland veitir styrki,
- b) Bretland hefur ekki innleitt samkeppnislög eða beitar þeim ekki með skilvirkum hætti,
- c) Bretland hefur ekki komið á eða viðhaldið óháðu samkeppnisyfirlaldi,
- d) Bretland beitar stöðlum að því er varðar vernd starfsfólks, öryggi eða umhverfið sem eru vægari en þeir sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins, eða, ef viðeigandi ákvæði er ekki að finna í lögum Sambandsins, vægari en þeir sem notaðir eru í öllum aðildarríkjunum eða, hvað sem öðru líður, vægari en viðeigandi alþjóðlegir staðlar,
- e) Bretland beitar stöðlum að því er varðar veitingu leyfa frá Bretlandi til handa farmflytjendum á vegum eða hópbifreiðafyrirtækjum sem eru vægari en þeir sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 ⁽¹⁹⁾,
- f) Bretland beitar stöðlum að því er varðar menntun og hæfi og þjálfun atvinnuökumanna sem eru vægari en þeir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/59/EB,
- g) Bretland beitar reglum varðandi innheimtu veggjalda og skattlagningu sem víkja frá þeim reglum sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB ⁽²⁰⁾ og
- h) hvers konar mismunun gagnvart rekstraraðilum frá Sambandinu.

4. Að því er varðar 1. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir upplýsingum frá lögbærum yfirvöldum í Bretlandi eða rekstraraðilum frá Bretlandi. Ef þau leggja ekki fram upplýsingarnar, sem óskað er eftir, innan hæfilegs frests sem framkvæmdastjórnin setur, eða leggja fram ófullnægjandi upplýsingar, er framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til ráðstafananna sem um getur í 2. mgr.

9. gr.

Rýmkun reglugerða (EB) nr. 1072/2009 og (EB) nr. 1073/2009

1. Með tilliti til vöruflutninga milli yfirráðasvæðis Sambandsins og yfirráðasvæðis Bretlands, sem eru starfræktir af farmflytjanda á vegum frá Sambandinu, sem treystir á réttindi sem Bretland veitir, eins og um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar, sem eru jafngild þeim réttindum sem veitt eru samkvæmt þessari reglugerð, þá gildir reglugerð (EB) nr. 1072/2009 um þann hluta ferðarinnar sem farinn er í gegnum yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem ferming eða afferming á sér stað.

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB frá 17. júní 1999 um álagningu gjalda á þungaflutningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum (Stjtíð. EB L 187, 20.7.1999, bls. 42).

2. Með tilliti til farþegaflutninga milli yfirráðasvæðis Sambandsins og yfirráðasvæðis Bretlands sem eru starfræktir af hópþifreiðafyrirtæki frá Sambandinu, sem treystir á réttindi sem Bretland veitir, eins og um getur í 7. gr. þessarar reglugerðar, sem eru jafngild þeim réttindum sem veitt eru samkvæmt þessari reglugerð, þá gildir reglugerð (EB) nr. 1073/2009 um þann hluta ferðarinnar sem farinn er í gegnum yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað.

10. gr.

Samráð og samvinna

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa samráð við og starfa með lögbærum yfirvöldum í Bretlandi, eins og nauðsyn krefur, til að tryggja framkvæmd þessarar reglugerðar.
2. Sé óskað eftir því skulu aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té, án ótilhlýðilegrar tafar, allar upplýsingarnar, sem fengnar eru skv. 1. mgr., eða allar aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd 7. og 8. gr. þessarar reglugerðar.

11. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til 30. júní 2021 til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 8. gr.
2. Áður en framseld gerð er samþykkt, skv. 2. mgr. 7. gr. eða 2. mgr. 8. gr., skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
3. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

12. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með deginum eftir þann dag þegar lög Sambandsins hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi skv. 126. og 127. gr. útgöngusamningsins.

Hún skal þó ekki koma til framkvæmda ef alþjóðasamningur um flutninga á vegum, sem gerður er milli Sambandsins og Bretlands, hefur öðlast gildi eða, eftir því sem við á, gildir til bráðabirgða fyrir þann dag.

3. Reglugerð þessi gildir þar til daginn fyrir gildistöku eða, eftir því sem við á, daginn fyrir bráðabirgðabeitingu alþjóðasamnings um flutninga á vegum sem gerður er milli Sambandsins og Bretlands.

Ákvæði þessarar reglugerðar sem gilda um farþegaflutninga með hópþifreið, að undanskildum þeim farþegaflutningum með hópþifreið sem um getur í d-lið 3. mgr. 2. gr., falla úr gildi á þeim degi sem bókunin við Interbus-samninginn um alþjóðlega reglubundna farþegaflutninga og sérstaka reglubundna farþegaflutninga með hópþifreið öðlast gildi í Sambandinu og í Bretlandi.

4. Reglugerð þessi skal í öllum tilvikum falla úr gildi eigi síðar en 30. júní 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. desember 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. ROTH

forseti.
